



Opinn fundur 5. október 2022 í Urðarbrunni

Kristinn Þorsteinsson skólameistari (KP) hóf fundinn og bauð nemendur velkomna. Á fundinum verður dagskrá NFFG og Verðandi kynnt sem og Hinsegin félagsins. Einnig gefst nemendur kost á að spyrja spurninga.

Aðalstjórn NFFG:

- Nefndin byrjaði á að kynna sig.
- FG-Flens 20.10 í Mýrinni.
- Nemendakort eru væntanleg, verða kynnt frekar þegar þau eru tilbúin.
- Kallað er eftir hugmyndum um afslætti.
- Skólapeysurnar eru í undirbúningi, nemendur hvattir til að senda inn hugmyndir um hvernig þær eiga að vera. Búið er að finna framleiðendur.
- Salsaballið verður 24.11. Stefnt er á mikla Salsaviku og mikið stuð.

Leikfélagið Verðandi:

- Barnaleikritið verður frumsýnt í nóvember.
- *Heathers* er söngleikurinn í ár. Prufurnar verða í nóvember og auglýstar á Instagram. Allir geta tekið þátt.

Hinsegin félagið:

- Kynning á félaginu.
- Tengja á saman svipuð félög í öðrum framhaldsskólum.
- Hægt að senda inn spurningar á Instagram og þar verður öll dagskrá félagsins auglýst.

Orðið er laust og míkrafónninn fer af stað í salnum:

- Stjórnin beðin að fara aftur yfir FG-Flens daginn.
 - *Keppni á milli skólanna í ýmsum greinum. KP bað nemendur að láta ekki ögra sér í eggjakast eða eitthvað slíkt í tengslum við daginn.*
- Rætt um brúkusprautun og sólarlampa.
- KP hvatti nemendur til að koma með strætó eða á hjóli, bílastæðin við skólann eru af skornum skammti.
- Viktoría hvatti nemendur til að senda inn spurningar á Instagram til aðalstjórnar eða Hinsegin félagsins.



- Verður skíðaferð?
 - *Vandamál komu upp í ferðinni í fyrra. Nemendur ætla að taka málið upp í skólaráði. KP sagði að skólinn myndi ekki standa í vegi fyrir að nemendur fari í skíðaferð. Hann trúir að allir sem að málinu hafi komið hafi dregið lærdóm af því.*
- Verður bílabíó?
 - *Stór skjár kostar gríðarlega mikið, það er ekki á dagskrá að standa að því en verður skoðað ef nemendur vilja það.*
- Taldir upp ýmsir minni viðburðir sem eru á dagskrá.
- Hægt að senda inn hugmyndir að viðburðum á Instagram eða koma við á skrifstofu nemendafélagsins.
- Andvökunóttin verður í lok næstu annar.
- Verður einhver viðburður tengdur Halloween?
 - *Það hefur ekki komið upp, góð hugmynd sem verður skoðuð frekar.*
- KP spurður hvort nemendur fái fjarvist ef þeir ganga út á morgun til stuðnings MH.
 - *Stutta svarið er að ef nemendur trúa á málstaðinn þá verða þeir að taka afleiðingunum.*
- Hvernig eiga fötin að vera á salsaballi?
 - *Rauðir kjólar til dæmis, breiðir hattar, tropical skyrtur m.a.*
- Hvernig getur maður tekið þátt í FG-Flens?
 - *Það verða skráningar og allir geta skráð sig. Undankeppni í einstökum greinum.*
- Spurning ítrekuð um fjarvist á morgun.
 - *KP ekki tilbúinn að svara því á þessari stundu.*
- Hvað ætlar FG að gera svo þessi skóli lendi ekki á sama stað og MH er á í dag?
 - *FG er með verkferla sem taka á hvernig á að bregðast við. KP hvetur nemendur til að koma fram við náungann eins og þeir vilja að komið sé fram við þá. Öll mál þessu tengt sem koma inn á borð verða tekin föstum tókum. Þetta er ekki auðvelt og ekki hægt að tryggja að ekkert komi fyrir. Mikilvægt að láta vita ef eitthvað er í gangi svo hægt sé að bregðast við af festu. Hægt að leita til námsráðgjafa.*

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri.